

Framfarafundur 1. Október 2016

Dagskrá:

11:00: Fundur settur. Kosning fundarstjóra og ritara.

11:05: Fjármál félagsins

11:25: Framkvæmdaráð fer yfir störf sín og kynnir það sem er á döfni.

11:45: Kynning og samþykkt á nýskipuðu trúnaðarráð í samræmi við grein 8.a.1. í lögum Pírata.

12:00: Hlé

12:10: Kjörnir fulltrúar á Alþingi og í borginni fara yfir störf sín og það sem er á döfni

12:45: Kynning á kosningaáætlun Pírata

13:00: Fundi slitið

--- --- --- ---

Fundur settur 11:01

Tillaga um Þórgnýr Thoroddsen sem fundarstjóra og Þórlaugu Ágústsdóttur sem ritara. Samþykkt.

1. Fjármáll Pírata

Jason Steinþórsson gjaldkeri framkvæmdaráðs flytur tölu um stöðu félagsins úr samantekt framkvæmdaráðs.

Kostnaður við rekstur hefur verið mun meiri en ætlað var í byrjun kemur þar til að 3 starfsmenn voru á launum í sumar það er að segja framkvæmdastjóri, kosningastjóri, og síðan forritari. Eins og vitað er þá hætti kosningastjórinn en í hans stað koma inn tveir starfsmenn í stuttan tíma eða þar til kosningar eru afstaðnar.

Síðan fylgir kosningabaráttu eins og gefur að skilja mun meiri útgjöld en venja er til.

Efnahagur okkar er þröngur og jafnvel of þröngur. Þurfum við að vera aðhaldssöm, útsjónarsöm og velta hverri krónu tvisvar áður en við látum hana af hendi. Höfum í huga að þessir peningar eru frá landsmönnum og félagsmönnum sem hafa unnið fyrir þeim hörðum höndum.

Myndin er aðeins skárri en þessar tölur gefa til kynna. Við eigum vísar 3 miljónir frá ríkinu í styrk vegna kosninga, félagsgjöld eru vonandi að koma inn í auknu mæli eins og verður fjallað um hér neðar og síðan er eftir að minnst á Karolina fund sem er að skila okkur styrkjum sem munar um í þröngu búí.

Húsnæði og önnur útgjöld

Kostnaður við húsnæði hefur verið svipað og undanfarið eða um 350.000 til 400.000 allt eftir hvernig þríf og gluggaþvottur kemur inn. Ekki er hér talið upp ýmis kostnaður sem fylgir húsnæði til dæmis almenn innkaup, tæki, gos og annað sem er tengt því að vera með lifandi og kraumandi húsnæði.

Annar kostnaður er til dæmis sími, netþjónusta, launaumsjá og bókhald, aðföng, auglýsingar, prentun, fundarhöld, gisting og flug svo eitthvað sé nefnt af margvíslegum

kostnaðarliðum. Síðan má geta þess að kostnaður við aðalfundinn í vor fór vel yfir miljón krónur.

Félagsgjöld

Skráðir félagar í Pírötum eru rúmir 4000. Félagsgjald upp á 3.500 krónur er gjaldfrjáls. Það hefur komið inn þó nokkuð af félagsgjöldum en hins vegar kom í ljós að félagsgjöld voru ekki að koma inn eins og vonir stóðu til og var það skoðað, kom í ljós að nýir félagar voru almennt ekki að fá rúkkun um félagsgjöld. Þessu hefur nú verið kippt í liðin og eru nú að koma inn nokkuð meira af félagsgjöldum en áður og er gjaldkeri meðal þeirra sem hefur loksins fengið rúkkun.

Opið bókhald og gæði

Gjaldkeri telur mikla nauðsyn á að hjá Pírötum verði opið bókhald. Hins vegar þarf áður en það er gerlegt að fullu að skilgreina hvað opið bókhald er. Hvorki sú aðferð sem hefur verið höfð á áður að birta bara útprentun af færslum á einum reikningi er nóg né það sem var farið í nú nýlega að birta reikninga fyrra árs eins og þeir koma fyrir. Gjaldkeri er að skoða hvernig hægt er að opna bókhaldið þannig að það sé opið bókhald í þess bestu mynd en ekki eitthvað allt annað þó að það sýnist vera opið

Opnasta bókhald sem finnst er mappan með öllum gögnum gjaldkera og er hún vissulega aðgengileg félagsmönnum hvenær sem er og þarf bara að biðja um að fá að skoða hana. Hins vegar er það ekki nægjanlegt og þarf að koma því þannig fyrir að það sé hægt að skoða bókhaldsgögn nokkuð ýtarlega á heimasíðu Pírata og þá allt bókhaldið. Er von gjaldkera að þessi vinna og útfærsla skýrist vonandi fyrr en seinna.

Nýtt framkvæmdaráð brá á það ráð að skipa nokkurskonar aðstoðar- og umsjónarmann bókara þar sem það var lagt til af skoðunarmönnum síðasta ársreiknings. Hefur það gefist vel og er nauðsynleg ráðstöfun sem eykur á skýrleika eftirlit og aðhald.

Píratar eiga að senda inn til ríkisskattstóra samstöðureikning, núna er sú vinna í gangi en utanumhald vegna þess og annarra aðgerða bókar þyrfti að vera skýrari og er vilji til að vinna að því að gera gæðaskrá þar sem framkvæmd, reikningagerð, samþykkt reikninga og annað slíkt sé tiltekið er þetta eitt af því sem gjaldkerateymið mun vinna að.

Milliuppgjör

Gjaldkeri hefur farið fram á að það sé framkvæmt milliuppgjör núna strax eftir kosningar og hefur það verið samþykkt í framkvæmdaráði. Er það nauðsynlegt til að hægt sé að gera sér grein fyrri kostnaði, skýra bókhaldið og auka gegnsæi. Einnig þyrfti árlega að framkvæma milliuppgjör strax að afloknum ársfundi til að skil milli nýs gjaldkera og þess gamla sé skýrt.

Mannaskipti innan gjaldkerateymis í óákveðin tíma

Vegna anna mun Jason Steinþórsson skipta um stöðu við Eysteinn Jónsson. Mun Eysteinn taka að sér starf gjaldkera til að minnsta kosti áramóta en Jason vera gjaldkeri til aðstoðar. Hefur þetta þegar verið samþykkt í framkvæmdaráði.

Fyrirspurnir frá félagsmönnum og svör.

2. Framkvæmdaráð fer yfir störf sín og kynnir það sem er á döfinni

Í áfangaskýrslu Framkvæmdaráðs má finna samantekt á stöðu eftirfarandi:

Störf framkvæmdaráðs

Frá því í sumar hefur framkvæmdaráð verið að komast inn í sitt stóra verkefni og skipt á milli sín öllum þeim störfum sem ráðið sinnir.

Framkvæmdaráði fæddist sonur þegar Elín Ýr fæddi stóran og myndarlegan dreng þann 20. september. Formaðurinn er nú í leyfi til að sinna næstu kynslóð stjórnámálanna og deilast verkefni hans niður á aðra í framkvæmdaráði á meðan.

Nokkrir framkvæmdaráðsmeðlimir hafa tekið sér styttra eða lengra frí frá flokksstörfum til að sinna heilsunni og persónulegum verkefnum en til allrar lukku kemur maður í manns stað, þetta framkvæmdaráðið er fjölskipað og kjörnir og slembivaldir, aðalmenn og varamenn, allir mjög virkir í starfinu.

Helstu verkefni framkvæmdaráðs síðustu vikunnar hafa verið þessi:

Prófkjör

Prófkjör voru haldin af kjördæmaráðum og kjördæmafélögum, án beinna afskipta framkvæmdaráðs.

Prófkjör var haldið í júní í NA kjördæmi og í Suðurlkjördæmi í ágúst.

Höfuðborgarsvæðin þrjú, (RN-RS-SV) héldu sameiginlegt prófkjör í ágúst. Yfir 100 frambjóðendur tóku þátt í því prófkjöri sem er met í þátttöku.

Listanum sem kom út úr prófkjöri í NV kjördæmi var hafnað og listinn sendur í kosningu meðal allra félagsmanna.

Framkvæmdaráð mun hafa frumkvæði að því að gera skýrslu um framkvæmd prófkjara hjá Pírötum þar sem eru tekin saman atriði sem gengu vel og annað sem Píratar geta lært af fyrir komandi prófkjör í flokknum.

Félagsmenn sem vilja taka þátt eru beðnir um að taka saman athugasemdir sínar og setja sig í samband við Framkvæmdaráð.

Kosningastjórn

Kosningastjóri Pírata hefur látið af störfum og var þess í stað skipuð kosningastjórn þess að sjá um öll framkvæmdatriði kosninganna í samvinnu við kjörstjórnir hvers kjördæmis.

Í kosningastjórninni eru framkvæmdastjóri Pírata, Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, Olga Cilia, Hugi Ásgeirsson og Eiríkur Rafn Rafnsson.

Fulltrúi kosningastjórnar flytur áfangaskýrslu um kosningabaráttuna síðar á fundinum.

Trúnaðarráð

Fulltrúar í Trúnaðarráði létu af störfum af eigin ósk. Framkvæmdaráð þakkar fráfarandi trúnaðarráðsmeðlimum fyrir sín störf og óskar þeim velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Framkvæmdaráð kaus nýja fullrúa í trúnaðarráð, þau Hans Benjamínsson, Kristínu Völu Ragnarsdóttur og Hrannar Jónsson.

Fjölmiðlunarhópur

Gissur Gunnarsson og Elsa Kristjánsdóttir voru staðfest sem ábyrgðarmenn fjölmiðlunarhóps en Elsa dró sig síðar til hlés sem ábyrgðarmaður fjölmiðlunarhóps vegna anna. Píratar þakka Elsu Kristjánsdóttur fyrir hennar mikla og góða starf í fjölmiðlunarfélaginu.

Píratar leita að fleira fólki í fjölmiðlunarhóp og eru þeir sem hafa starfsreynslu eða menntun í fjölmiðlun beðnir um að setja sig í samband við Huga sem heldur utan um sjálfbodaliða í kosningabaráttunni eða Gissur.

Vefhópur

Ný vefur Pírata fór í loftið í sumar eftir langan undirbúning og mikla vinnu sjálfbodaliða. Eftir opnun vefsins baðst verkefnastjórinn og annar ábyrgðarmanna vefhópsins Halla Kolbeinsdóttir lausnar frá ábyrgðum sínum og tilnefndi Þórlaugu Ágústsdóttur í sinn stað.

Á fundi framkvæmdaráðs þann 6. September voru Andri Sigurðsson og Þórlaug Ágústsdóttir staðfest sem ábyrgðarmenn vefhópsins en hópurinn starfar skv. starfsreglum fjölmiðlunarhóps sem samþykktar voru af fyrra framkvæmdaráði.

Framkvæmdaráð þakkar Höllu Kolbeinsdóttur fyrir hennar góða starf í vefmálum flokksins og óskar henni velfarnaðar í komandi verkefnum.

Upplýsingaráð

Samþykkt var í kosningakerfinu lagabreyting varðandi upplýsingaráð, sem er nú hluta af lögum félagsins. Framkvæmdaráð skipaði þær Sigríði Bylgju Sigurjónsdóttur og Elsu Kristjánsdóttur áheyrnarfulltrúa í upplýsingaráð.

Úrskurðarnefnd

Fulltrúar í úrskurðarnefnd Pírata hafa óskað eftir lausn frá störfum til að takast á við ný verkefni. Framkvæmdaráð þakka Þórhildi Sunnu, Olgu Cilian og Helga Bergmann fráfarandi fulltrúum fyrir góð störf í þágu Pírata.

Fyrirspurnir frá félagsmönnum og svör.

3. Trúnaðarráð

Fulltrúar í Trúnaðarráði létu af störfum af eigin ósk. Framkvæmdaráð þakkar fráfarandi trúnaðarráðsmeðlimum fyrir sín störf og óskar þeim velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Framkvæmdaráð kaus nýja fullrúa í trúnaðarráð, þau Hans Benjamínsson, Kristínu Völu Ragnarsdóttur og Hrannar Jónsson.

Staðfest með lófaklappi

4. Kjörnir fulltrúar á Alþingi og í borginni fara yfir störf sín og það sem er á döfinni

4. a. Sveitarstjórnarmál

Halldór Auðar Svansson kynnir störf Pírata í Reykjavíkurborg, Þórgnýr, Þórlaug, Kristín Elfa og Sigurborg flytja tíðindi hvert af sínu sviði.

Fyrirspurnir frá félagsmönnum og umræður um sanngirnismál. Umræður um gjaldfrjálsan

leikskóla og aðrar skyldur borgarinnar s.s. heimilisþrif fatlaðs fólks sem er lögbundin þjónusta.

Áhersla á réttindi barna sem eiga tvö lögheimili, réttindi barna með sérþarfir, húsnæði fyrir útígangsfólk, auka og byggja undir vistvænar samgöngur.

Fyrirspurnir frá félagsmönnum og svör.

* Tillaga frá Birgittu Jónsdóttur um að kjörnir fulltrúa Pírata taki vinnudag til að ræða framkvæmd á stefnu og verkaskiptingu á verkefnum vetrarins. Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

-- Fundarhlé kl. 12:20- 12:30 --

4. b. Þingflokkur

Helgi Hrafn flytur tíðindi frá Alþingi
Birgitta ræðir ýmis verk af Alþingi
Fyrirspurnir frá félagsmönnum og umræður.

5. Kynning á kosningaáætlun Pírata

Framkvæmdastjóri kynnir kosningastjórn.

Kosningastjórn: S.Bylgja, Olga Cilia, Eiríkur Rafn Rafnsson, Hugi Ásgeirsson.

Verktakar ráðnir til 1. nóv

Staða verkefna, skipta með sér verkum og framkvæmd kosningabaráttunnar, sjá nánar á síðunni 'starfsfólk' inni á piratar.is

Íslenskir fjölmiðlar - Olga og Gunnar Hrafn

Verkefnastjóri í hverju kjördæmi sem Olga er í samvinnu við

Kjördæmin búin að fa fjármagn

Auknar upplýsingar til frambjóðenda

Sett upp viðburðadagatal

5 megin málefni sem Píratar fókusa á, stefnuskráin verður gefið út í 6bls A5 bækling er

Komnir litlir blöðunar um píratastefnuna og píratakóðann

Píratar eru úti um allt í kkolaportinu núna

Eiríkur með samfélagsmiðla

Hugi sér um skipulagningu sjálfboðaliða.

Góð stemming og mórall í hópnum, mum meiri samvinna og andi. Þrír bandaríksir sérfræðingar frá Occupy Wall street se eru hér í heimsókn til að hjálpa okkur, plitical campaigning, messaging og strategy.

Komin í viðskipti við Maura auglýsingastofu til viðbótar við Lifandi Verkefnar verða í Kolaportinu allar helgar fram að kosningum. Píratar 60+ manna fyrstu helgina en Píratar eru að leita að kosningaskrifstofu með góð aðgengi sem allra fyrst.

Verið að setja bolina á 1500 kr og planið að se

þarf mikinn kraft í undirskriftalista, allir að sameinast um að safna listunum og klára þetta sem fyrst.

6. Fundi slitið kl. 13:27

Framfarafundur

Um framfarafund segir í lögum Pírata

16.1. Framfarafundur skal haldin á 8 vikna fresti.

16.2. Framkvæmdaráð skal boða til fundarins með amk. viku fyrirfara og skal hann auglýstur samkvæmt reglum flokksins sem varða tilkynninga og auglýsingaskyldu fundarhalda.

16.3. Framkvæmdaráð sér um að skipuleggja fundinn ásamt þingmönnum og málefnaþópum séu þeir til staðar.

16.4. Á framfarafundi skal koma fram ítarleg úttekt á störfum þinghóps, framkvæmdaráðs og málefnaþópa.

16.5. Á fundinum skal fara fram umræða um störf þinghóps, framkvæmdaráðs og málefnaþópa.